

Ráðgjöf talmeinafræðings og talþjálfun barna í Árborg - leiðbeiningar til foreldra og skóla

1. Barn fær málþroskagreiningu í gegnum skólaþjónustu Árborgar. Fylla þarf út eyðublaðið þjónustubeiðni.
 - a. Þeirri greiningu fylgir ráðgjöf til foreldra og skóla frá þeim talmeinafræðingi sem greinir barnið.
2. Foreldrar barna með mál/talröskun geta sótt um talþjálfun hjá TALÞJÁLFUN BARNNA, sem er verktaki hjá Sveitarfélaginu Árborg eða þeir sækja um talþjálfun annars staðar.
3. Börn sem hafa minni háttar vanda en þurfa samt sem áður tíma hjá talmeinafræðingi fá niðurgreiðslu sveitarfélagsins fyrir 10 tímum. Foreldragjald tekur mið af gjaldi Sjúkratrygginga Íslands.
 - a. Hér getur verið um að ræða framburðargalla sem falla ekki undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands; slaka hlustun og hljóðkerfisvitund sem getur verið vísbending á lesvanda síðar á skólagöngu.
4. Börn með alvarleg málþroskafrávik og alvarlega framburðargalla fá niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands í 20 tíma.
 - a. Þau börn sem falla undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands þurfa að fá læknisvottorð (beiðni um talþjálfun). Talmeinafræðingur á stofunni TALÞJÁLFUN BARNNA hefur samband við foreldra nokkrum vikum áður en barn kemst að í þjálfun og bendir foreldrum á að fá vottorð (beiðni fyrir talþjálfun).
5. Ef barn þarf áframhaldandi talþjálfun að mati talmeinafræðings eftir þá lotu sem er boðið upp á, þá er barn sett í hvíld þar til á næstu önn eða eftir samkomulagi við foreldra og/eða teymisfund og fær þá aðra lotu.
6. Foreldri eða staðgengli hans er skylt að sitja í tímum með barninu til þess að fylgja eftir þjálfun þess heima. Ef þjálfun er ekki fylgt eftir heima verður árangur barnsins eftir því.
7. Ef mæting er slök og ekki er tilkynnt um forföll í tvo tíma í röð fellur barnið út úr þjálfun og næsta barn á biðlistanum kemst að.
8. Ef sýnt er að barni gagnist ekki sú þjálfun sem boðið er upp á er þjálfun hætt eða sett á bið.

Selfossi, 5. febrúar 2014

Fræðslustjóri